



Morgunblaðið, 05.11.2021, síðu 28  
grein stærð: 81.41 sm2  
grein hæð: 8.03 sm

## Ferðagarpurinn Erró í Hafnarhúsi

*Ferðagarpurinn Erró* nefnist sýning sem opnuð hefur verið í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi.

„Ferðalög eru einkennandi fyrir líf og list Errós. Hann stundaði listnám í Reykjavík, Ósló, Ravenna og Florence þar til hann settist að í París árið 1958 eftir nokkurra mánaða dvöl í Ísrael. Mörg ferðalög fylgdu þar á eftir og má nefna sögulegar ferðir til New York í Bandaríkjunum, Moskvu í þáverandi Sovétríkjunum og Havana á Kúbu. Ferðalög Errós gegna mikilvægu hlutverki í tilurð verka hans. Hvert sem hann fer sankar hann að sér hundruðum mynda. Hann nýtir þær í samklippuverk sem smám saman verða að málverkum. Hugmyndin um ferðalög og tilfærslur birtist í mörgum verkum, þar sem hann notar mótíf eins og flugvélar, eldflaugar, lestir, fugla, hesta eða jafnvel ofurhetjur,“ segir í tilkynningu. Öll verkin eru í eigu Listasafns Reykjavíkur en sýningin var fyrst sett upp í Listasafninu á Akureyri fyrr á þessu ári. Sýningarstjóri er Danielle Kvaran.



**Ferðalag** Eitt verka Errós sem sjá má á sýningunni.